

Erindisbréf Byggingarnefnd nýs íþróttahúss á Höfn

Á fundi bæjarráðs Hornafjarðar 6. febrúar 2024 var samþykkt tilnefning í þriggja manna stýrihóp um nýtt íþróttahús á Höfn.¹

Í stýrihópnum eiga sæti þrír fulltrúar, einn frá hverju framboði þeirra flokka sem eiga sæti í bæjarstjórn.

Starfsmaður stýrihópsins er sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs sveitarfélagsins.

Stýrihópur kýs sér formann og ritara á fyrsta fundi. Færa skal fundargerð í gerðabók (tölvu). Fundargerðir skulu lagðar fyrir bæjarráð.

Hlutverk og helstu verkefni stýrihópsins:

- Stýra vinnu og leita hagkvæmustu og bestu lausna við hönnun, byggingu og rekstur hússins.
- Stýrihópurinn leggi til grundvallar vinnu sinni þau gögn sem bæjarstjórn og/eða nefndir sveitarfélagsins hafa fjallað um t.d. skýrslur, þarfagreiningu, tillögur frá bæjarstjórn og annað sem hlotið hefur meðferð sveitarstjórnar eða starfsmanna sveitarfélagsins vegna verkefnisins.
- Stýrihópurinn skal hafa víðtækt samráð við hagsmunaaðila í sinni vinnu og upplýsa þá um stöðu vinnunnar.
- Stýrihópurinn getur kallað á fund til sín hvern þann sem tengist þeim málum sem fjallað er um.
- Stýrihópurinn vinnur með hönnuði að útfærslu byggingarinnar í samræmi við stefnu bæjarstjórnar.
- Stýrihópurinn er fulltrúi verkkaupa vegna hönnunar, framkvæmda og hugsanlegra breytinga.
- Stýrihópurinn fjallar um fyrirkomulag á útboðsmálum og gerir tillögu um það til bæjarráðs.
- Stýrihópurinn leggur fram tillögu að áfangaskiptingu sem lögð verður fyrir bæjarstjórn.
- Leita skal heimildar bæjarráðs fyrir útboði hvers áfanga.
- Stýrihópnum er falið að semja um alla hönnun og framkvæmdir með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.
- Stýrihópurinn lýkur við áætlun og leggur fyrir bæjarráð til samþykktar og bæjarstjórnar í kjölfarið.

Ráðgjöf og samstarf

Stýrihópurinn mun leita ráðgjafar eftir þörfum hjá þeim sem hafa sérþekkingu eða reynslu af viðfangsefni hópsins á hverjum tíma. Stýrihópnum er gert að eiga reglulegt samtali við hagsmunaaðila og kalla þá til sín til kynninga og ráðgjafar eftir þörfum. Kostnaður vegna slíkrar vinnu skal rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni. Aukafjárveitingar eru samkvæmt reglum sveitarfélagsins um gerð viðauka.

¹ Á fundi bæjarráðs nr. 1129 þann 14. maí 2024 var samþykkt að sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs yrði starfsmaður nefndarinnar í stað umjónar-, eftirlits- og ábyrgðarmanns fasteigna.

Ábyrgðarmaður
Bæjarstjóri.

Starfstími

Stýrihópurinn starfar eftir þörfum frá 10. febrúar 2024.

Hæfi og þagnarskylda

Um hæfi fulltrúa stýrihópsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnáskilanna nr. 37/1993 og 17. gr. samþykktar um stjórn og fundarskög Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Um þagnarskyldu fulltrúa í stýrihópnum vísast til 19. gr. í samþykktum um stjórn og fundaskög sveitarfélagsins.

Þóknun

Þóknun fyrir þátttöku í stýrihópnum greiðist samkvæmt 8. gr. samþykktar um kjör fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna funda og ráðstefna.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn 13. júní 2024.

Jóna Benný Kristjánsdóttir
sviðsstjóri stjórnáskilanna
staðgengill bæjarstjóra